

Félagsblað Landnema - Þrymskviða



SKÁTAFÉLAGIÐ LANDNEMAR

1. tölublað, 3. árgangur

9. janúar 2009

Húfuútilega RS. Plútó



Hin hefðbundna Húfuútilega Landnema var haldinn á dögnum eða nánar tiltekið 21. til 23. nóvember s.l. Þeir sem hljóta áttu húfu löbбуðu eins og vani hefur verið frá gamla sjúkraskýlinu yfir heiðina að Þrymheimum á Föstudagskvöldinu og voru komnir upp í skálann vandræðalaust um 10 leitið. Þá var byrjað að kynda skálann upp með arninum og voru vandræði með Sóló olíuhitarann í svefnrýminu í fyrstu, en ekki voru skátarnir lengi að laga þann vanda. Er fólkið fór að týnast inn var spilað, setið við arininn og spjallað en áður en langt var á liðið komu skátarnir sér fyrir, skriðu ofan í svefnpokana og fóru að sofa. Laugardagsmorgunn var vaknað snemma til að gera skálann til fyrir komu eldri Landnema og


athöfnina sjálfa. Eldri skátarnir komu svo að lokum með bakkelsi og þann búnað sem þeir þurftu í að gera kakó en á meðan verið var að undirbúa þetta var rölt upp að minnisvarðanum fyrir ofan Þrym til að ganga úr skugga að hann stæði enn eins og ætlast var til. Athöfnin byrjaði svo er allir voru komnir sem búist var við og voru húfuþegar að þessu sinni 10 talsins en þar í hópi voru 3 ísfirðingar, nýr stjórnarmeðlimur, eldri skáti, skiptinemi, Belgískur skáti og síðan 2 nývígðir rekkaskáta Landnema. Eftir húfuathöfnina var ákveðið að röлта í Reykjadal og fara í smá afslöppun þar í heita vatninu. Eftir það var



kominn það mikil þoka að skátarnir ákváðu að röлта niður að Hveragerði í staðin fyrir að fara sömu leið heim. Þar voru þau sótt af þeim sem eftir höfðu verið í skálanum. Eftir að komið var upp í skála var farið í þurr og hlý fót þar sem allir voru gegnvotir af göngunni. Síðan var skellt sér í kvöldvöku sem var haldin sameiginlega með nokkrum Skjöldungum sem voru í útilegu í skála þar nálægt. Eftir hana tóku við spilastemmingin en á endanum fór fólk að sofa enda flestir uppgefnir eftir daginn. Sunnudagsmorgunn var síðan vaknað, tekið til, skrifuð ferðasaga og ekið heim, eftir það skelltu nokkrir sér í sund og voru langflestir sáttir með helgina.

Sigurgeir

Pegasus 2004



- KAFFIHÚSAKVÖLD
RS. PLÚTÓ ERU
HALDIN FYRSTA
SUNNUDAG
HVERS MÁNAÐAR
OG HAFNA VERIÐ
VEL SÓTT. JONNI
VAR KRÝNDUR
MEISTARI Í SKÍTA-
KALLI 4. JANÚAR

Myndir



Janúar 2009

MÁNU- DAGUR	ÞRIÐJU- DAGUR	MÍÐVIKU- DAGUR	FIMMTU- DAGUR	FÖSTU- DAGUR	LAUGAR- DAGUR	SUNNU- DAGUR
			1	2	3	4
5	6	7	8	9 Afmæli Landnema	10	11
12 Foringjakvöld	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26 Foreldra- fundur	27	28	29	30 Félagsútilega ÚSÚ	31	1 feb.

Atburðir

- 9. Afmæli Landnema
- 12. Foringjakvöld klukkan 19:00 - Sjá tilkynningu á baksíðunni.
- 26. Foreldrafundur vegna félagsútilegu. Fundurinn hefst klukkan 19:00 í Háuhlíð 9
- 30. jan til 1. feb Félagsútilega Landnema Sjá tilkynningu hér fyrir neðan

Félagsútilega

Félagsútilega Landnema verður haldin á Úlfliótsvatni helgina 30. janúar til 1. febrúar. Útilegan er fyrir alla aldurshópa. Foreldrafundur vegna ferðarinnar verður haldinn mánudaginn 26. janúar kl. 19:00 þar sem farið verður nánar í ferðina og tilhögun hennar auk þess sem að spurningum vegna ferðarinnar verður svarað. Auk þess verður hægt að nálgast foreldrabréf og útbúnaðarlista á landnemi.is eftir 19. janúar.

RS. Kaffihúsakvöld

Kaffihúsakvöld RS. Plútó eru opin fyrir alla rekka- og róverskáta á landinu og eru haldin fyrsta sunnudag hvers mánaðar.

Á hverju kvöldi er eitt spil tekið fyrir og síðan er keppt í viðkomandi spili svo að einn standi uppi sem sigurvegari. Hér eru spil næstu mánaða:

- Febrúar - Pakk
- Mars - Tía
- Apríl - Bullshit
- Maí - Þjófur
- Júní - Twister

Febrúar 2009

MÁNU- DAGUR	ÞRIÐJU- DAGUR	MÍÐVIKU- DAGUR	FIMMTU- DAGUR	FÖSTU- DAGUR	LAUGAR- DAGUR	SUNNU- DAGUR
						1
2	3	4	5	6	7	8
9 Foringjakvöld	10	11	12	13	14	15
16 Ragnarök	17	18	19	20	21	22 Fjallganga og kvöldvaka
23	24	25 Aðalfundur	26	27	28	

Dróttskátar í blíðu og stríðu

Föstudagskvöldið 28.nóvember hittumst við 6 skátar og 2 foringjar í Landnemaheimilinu til þess að fara í sveitarútilegu. Þetta var frekar slöpp mæting þar sem um 25 skátar höfðu verið að starfa í sveitinni en mætt voru; Bryndís, Unnur, Kiddi, Hjörvar, Kristinn og Kári. Reyndar settu prófalestrar og veikindi strik í reikninginn þar. Við ákváðum nú samt að bruna af stað og vorum komin í Vífilsbúð um níuleytið. Þar komum við okkur fyrir og fórum að spila og spjalla langt fram eftir nóttu. Á laugardeginum fórum við á fætur, Grímur fór í vinnuna og við borðuðum morgunmat. Eftir hann lögðum við af stað í Maríuhella. Gangan virtist frekar löng en hellarnir voru frábærir að vanda. Við fundum

meðal annars risa grýlukerti sem var nefnt He-Man sverð, light saber og fleira. Gangan aftur í skálann virtist mun styttri og allir voru sáttir með að komast aftur í hann. Þar borðuðum við og spiluðum og tókum á móti gestum. Meðal þeirra sem litu við voru Mási, Orri, Hrói, Eysteinn og Sigurgeir sem hélt "ekki kvöldvöku" og Áslaug bættist í hópinn okkar. Við héldum hana bara sjálf eftir að hann var farinn. Á sunnudeginum vöknudum við

ekki eins snemma og á laugardeginum og fórum að taka til. Eftir heljarinnar tiltekt spiluðum við aðeins meira og gáfum músunum að borða. Við keyrðum svo sem leið lá í bæinn með óhreint leirtau sem við þrífum heima og eigum enn eftir að skila til Vífla. Við gripum í fleiri spil heima hjá mér og keyrðum svo alla heim. Við þökkum fyrir þessa frábæru útilegu og vonum að allir séu sáttir með hana.

Fríða Björk.

Atburðir

- 9. Foringjakvöld - sjá tilkynningu á baksíðunni.
- 16. Ragnarök er flokkakeppni fyrir dróttskáta. Keppnin hefst klukkan 20:00 og verður keppt í klassískum skátaþrautum.
- 22. Fjallganga félagsins er fyrir skáta og foreldra þeirra. Lagt verður af stað frá skátaheimilinu klukkan 15:00. Gengið verður upp á Úlfarsfell. Um kvöldið verður haldin kvöldvaka og hefst hún klukkann 20:00.
- 25. Aðalfundur Landnema. Allir sem eru eldri en 15 ára og hafa greitt félagsgöldin sín hafa atkvæðisrétt á fundinum en öllum skátum í félaginu velkomið að sitja hann. Fundurinn hefst klukkan 20:00 í skátaheimilinu.



Kvöldvökusveitin okkar

Í byrjun desember stofnuðu þrír dróttskátar kvöldvökusveit. Síðan þá hefur fjöldinn tvöfaldast og erum við núna sex starfandi, þ.e. Sigurgeir, Kiddi, Andrés, Viktoría, Bryndís og Hulda.

Við höfum oftast mætt með hljóðfæri á fundi og erum að spila og syngja og það er ávallt skemmtilegt.

Okkur var einnig falið það stórkostlega verkefni að semja landnemamótssöng fyrir landnemamótið sem haldið verður í sumar. Lagasmíðin hefur gengið ágætlega og mér skilst að hún sé langt komin. Þið getið alveg búist við að sjá margt gott og gaman frá okkur seinna meir :D



Kristinn Arnar / Kiddi

Sænskar skátapönnukökur

Fyrir tvo til þrjá:

- 1 egg
- 1 dl Sykur
- 3 dl hveiti
- 1,5 tsk Lyftiduft
- 3/4 dl mjólk eða vatn



Hrærið saman egg og sykur

Blandið hveiti og lyftidufti saman við

Bætið vatni eða mjólk út í

Bræðið smjör á heitri pönnu og hellið deigi á hana

Eldið á báðum hliðum þangað til hún er orðin ljós brún

Stráið sykri yfir pönnukökuna og **BORÐIÐ!**


Fróðleikur um Landnema

Nafn Skátafélagsins Landnema má rekja til skátasveitarinnar Landnema, sem var stofnuð í Skátafélagi Reykjavíkur 9. janúar 1950. Sveitin stækkaði og var breytt í skátadeild 3. desember 1955. Þegar Skátafélag Reykjavíkur og Kvenskátafélag Reykjavíkur voru lögð niður sameinuðust deildir þessara tveggja félaga og mynduðu ný skátafélög fyrir skáta og stelpur. Skátafélagið Landnema varð til með sameiningu deildanna Landnema SFR og Úlfynjur KSFR 26. 1969. Í Úlfynjum störfuðu tvær kvenskátasveitir: Kvenskörunar og Pilsvargar.

Starfssvæði skátafélagsins er Gamli Austurbærinn og Hlíðarnar. Félagið hafði lengst af verið með bækistöð við Snorrabraut 60, en í ágúst 2000 var starfsemin flutt í Háuhlíð 9 vegna sölu á Skátahúsinu við Snorrabraut.

Í skátafélaginu Landnema er boðið upp á skipulagt starf fyrir börn og unglínga af báðum kynjum frá aldrinum 7-22 ára. Starfinu er aldurskipt þannig:

Drekaskátar:	7-9 ára
Fálkaskátar:	10-12
Dróttskátar:	13-15
Rekkaskátar:	16-18
Róverskátar:	19-22



1. tölublað, 3. árgangur

Jólafundur & jólaboð Landnema

Jólafundur Landnema var haldinn 20. desember og mættu þangað margir kátir krakkar. Farið var í jólapóstaleik, þar sem krakkarnir fóru meðal annars í kappræður, skátaskák, og að finna Grænaherbergið – vissir þú að það er einungis eitt grænt herbergi í húsinu ?

Mjög jafnt var á milli og þurfti að ráða úrslitin með peningauppkasti. Ekki voru allir sáttir með útkomuna, en þeir sættust þó að lokum og þá héldu allir glaðir heim með jólapakka í hönd og bros á vör.

Seinna sama dag var jólaboð haldið fyrir dróttskáta og eldri. Ekki var mikil mæting, fámennt en góðmennt. Á meðan við biðum eftir kræsingunum gæddum við okkur á forrétti, vínberjum og ostum, í formi landnemahrútsins.

Þá komu Danni og Helga með smá óvæntan glaðning fyrir okkur, þau höfðu útbúið einstaklega skemmtilegan leik sem við fórum í eftir að okkur var skipt í hópa eftir kúnstarinnar reglum, leikurinn fólst í því að setja saman teiknimyndasögur sem faldar höfðu verið um alla efri hæð. Þegar allir voru búnir að tengja myndasögurnar áttum við að finna S-K-Á-T-I, sem sagt eitthvað sem byrjaði á S, annað sem byrjaði á K og svo framvegis...

Eftir svaka hlaup, og smávægilegar stypingar var svo haldið inn í sal og Danna og Helgu sýndir hlutirnir. Þá sögðu þau okkur frá því að við ættum að gera skemmtiatriði útfrá þessum hlutum og allir hópar fóru út í sitt horn og æfðu skemmtiatriði þangað til Elmar kallaði og sagði okkur að maturinn væri tilbúinn.

Þá settumst við að vel álögðu borðinu – einstaklega fallega samanbrotnar servéttur – og gæddum okkur á girnilegu hangikjötinu og öllu meðlætinu.

Þegar allir höfðu etið nægju sína sendum við hóp SMS til Elísu sem átti afmæli, og sýndum svo skemmtiatriðin. Eftir sýningarnar á skemmtiatriðinu og miklar nýjungar á sviði hrópa tókum við til og farið var að útbúa eftirrött.

Eftirröttinn – ís, sósur og einkar skemmtileg marzipan dýr – snæddum við svo í góðu tómi og göntuðumst þar til allir fóru heim.

Bryndís



Ragnarök

Fyrsta flokkakeppnin fyrir dróttskáta verður haldin mánudaginn 16. febrúar. Einungis dróttskátar geta unnið titilinn en eru rekka og róverskátum þó velkomið að taka þátt.

Keppnin hefst tímalega klukkan 20:00 og verða eftirfarandi þrautir háðar:

- Súrra hengirúm
- Kveikja varðeld og sjóða vatn
- Bera ca. 8 brúsa ákveðna vegalengd
- Búa til nákvæma eftirmynd af Legó kastala. (Aðeins einn fær að sjá frumútgáfuna og þarf að leiðbeina hinum)

- Rísprengruleikur
- Líflínukast við virkilega erfiðar aðstæður
- Pílukast

Flokkurinn sem stendur uppi sem sigurvegari fær nafn sitt ritað í farandbikar sem hann fær að hafa þangað til næsta keppni verður haldin.



- **FORELDRA-FUNDUR VEGNA FÉLAGS-ÚTILEGUNNAR VERÐUR HALDINN Í SKÁTAHEIMILINU, MÁNUDAGINN 26. JANÚAR KLUKKAN 19:00**

Þórshamar



Sveitarútilega Fálkaskátasveitarinnar Þórshamar var haldinn í Vífilsbúð dagana 14.-16. nóvember. Ákveðið hafði verið af krökkunum í sveitinni að hafa Nintendo/tölvuleikja þema og einnig að hafa þetta klukkulausa útilegu þar sem bannað væri að hafa nokkurn skapaðan hlut sem gæti sagt þeim hvað klukkan væri. Krakkarnir komu einn af fætur öðrum upp í skálann á Föstudagskvöldinu og voru 13 krakkar úr sveitinni sem mættu. Byrjað var á því að koma sér fyrir upp á svefn lofti, merkja matinn og koma honum svo fyrir inn í ísskáp. Síðan var krökkunum skipt upp í þrjú lið og þeim sagt að finna sér nafn, síðan var farið með þau í spurningaleik tengdan þemanu. Eftir mikla baráttu endaði hópurinn "Kókið hans Sigurgeirs" í fyrsta sæti í spurningaleiknum. Stuttu eftir það voru krökkunum komið upp á loft og sett á kyrrð. Það var þó ekki fyrsta skiptið þessa nótt sem þau þurftu að skriða ofan í pokann því þau voru rekin á

fætur um miðja nótt fyrir vígslu inn í sveitina. Þá voru krakkarnir látnir mynda hring og þau supu af blóði Þórs og borðuðu eftirmynd Þórshamarsins. Tekið var misvel í það en á endanum komu allir þessu ofan í sig og svo voru þau aftur rekin upp á loft nema í þetta sinn var smá tortryggni gagnvart því að fara að sofa og þurfti foringi að fara upp og sofa hjá þeim til að stilla þau. Laugardagsmorguninn var farið á fætur, fengið sér að borða og síðan fóru krakkarnir út í eina dagskrálið dagsins, en það var mannleg útgáfa af hinum geysivinsæla leik Baloon fighters. Þar fengu krakkarnir eina blöðru sem þau urðu að halda kyrri yfir öxlina aftur fyrir bak og þeim gefin teiknibóla og þeim sagt að síðasti með blöðru ynni. Hins vegar vissu þau ekki að þetta var einnig liðakeppni og var því skemmtilegt að horfa upp á einvígi milli liðsmanna. Ármann endaði síðan sem sigurvegari og vann "Kókið hans Sigurgeirs" síðan seinni leikinn eftir tilkynningu um að þetta væri liðakeppni. Síðan var farið inn þar sem spilin biðu og var farið í lengsta lúdó leik norðan alþafjalla. Einnig skemmtu krakkarnir sér í Catan, kapphlaupi að kaldaborðinu, slönguspilinu, Matador og fleirum skemmtilegum. Um kvöldið var síðan farið út að grilla og strax eftir það var haldin kvöldvaka. Smá vandamál komu upp með næturleikin en Heiða sveitarforingi var viðbúinn því og dró því upp úr buxnavasanum annan leik sem tengdist þemanu. Þar hlupu krakkarnir um safnandi stjörnum til að bjarga prinsessunni (Sigurgeiri) úr höndum hins illa Bowers (Bryndísar) en þau höfðu hlutverkaskipti á síðustu stundu. Þetta sinn vann hópurinn "táin hans Sigurgeirs" næturleikin. Sunnudagsmorguninn var síðan farið á fætur fengið sér morgunmat og byrjað að taka til þar sem foreldrunum hafði verið sagt að ná í krakkana um hádegi. Ritúð var ferðasaga og skilið við skálann í þrisvar sinnum betra ástandi en komið var að honum.

Sigurgeir.

Roverway - Allir að skrá sig!

Roverway er skátamót sem WOSM og WAGGS í Evrópu bjóða upp á fyrir skáta á aldrinum 16 til 22 (fædda 1987 til 1993). Roverway er haldið á þriggja ára fresti og hefur það verið haldið tvisvar áður, í Portúgal 2003 og á Ítalíu 2006. Það verður haldið á Íslandi í ár, 2009, og er þetta því gullið tækifæri fyrir íslenska skáta að taka þátt í evrópumóti.



Mótið er haldið dagana 20. til 28. júlí og verður setningarathöfnin hér í Reykjavík. Fyrirkomulag mótsins er þannig að fyrst er unnið í minni hópum sem dvelja í grunnbúðum víða um landið í fjóra daga og svo hittast allir á Úlfjótuvatni í fjóra daga eftir það. Mótsgjaldið er 39.000 krónur og innifalið í því eru allar rútuferðir, flug (ef það á við), matur, gisting og öll dagskrá.

Skráningarfrestur er til 1. febrúar, en eftir það hækkar mótsgjaldið talsvert auk þess sem að flottustu ferðirnar verða uppteknar. Það hefur aðeins einn flokkur frá Landnemunum skráð sig á mótið og hvetjum við hina sem ætla sér að taka þátt að mynda flokk og skrá sig.

1. tölublað, 3. árgangur

Sveitarútilega Durapórs

Laugardaginn 29. nóvember fór sveitin Durapór í sveitarútilegu í skátaskálann Hleiðru við Hafravatn. Lagt var af stað rétt eftir hádegi með 6 meðlimi sveitarinnar. Tekinn var góður tími í að koma sér fyrir og fá sér eitthvað létt að borða. Meðan að sumir kynntu upp skálann með gasofni, þá fóru aðrir að virða fyrir sér spennandi landslagið. Þar sem það var mikið frost í jörðinni lá ís yfir öllu Hafravatni og öllum pollum sem voru í nánd. Miklum tíma var eytt í það að brjóta ísinn ofana af einum svona polli og hjálpuðust allir að við það og var komin fínasta vök eftir smá tíma. Um kvöldið fór að hitna í kolunum og var boðið uppá grill fyrir þá sem voru með pylsur eða annan grillmat. Seinna um kvöldið voru allir meðlimir sveitarinnar, sem að voru á staðnum og voru óvígðir, vígðir eða með öðrum orðum þá var hann Skúli vígður. Eftir vígsluna var boðið uppá kakó. Fljótlega upp úr því þá sofnaði allur mannskapurinn eftir mikil færsl yfir daginn. Á sunnudagsmorgninum var sofið út. Stuttu eftir morgunmatinn var vaskað upp í vökinni og skálinn þrifinn, öllu pakkað saman, færslast aðeins meira og síðan haldið heim eftir góða útilegu.

Jonni



Videokvöld



Jæja jæja, hin víðfrægu halda áfram núna eftir áramót. Mikið af spennandi myndum eru á dagskránni, þannig að allir að mæta og vera kúl.

Eins og áður er þetta fyrir dróttskáta og eldri.

Hér er dagskrá út maí:

10. jan. – Shrek, Shrek 2 & Shrek the Third

24. jan. – Godfather (allar þrjár)

7. feb. – The Lion King & Toy Story

21. feb. – Sweeney Todd, Edward Scissorhands & Corpse Bride

7. mars – Pirates of the Caribbean (Allar þrjár)

21. mars – American Pie & American Pie 2

4. apríl – Batman the Dark Knight & einhverjar tvær aðrar

18. apríl – Die Hard (Allar fjórar)

2. maí – Ice Age & Ice Age 2

16. maí – Braveheart & The Patriot

30. maí – Meet the Parents & Meet the Fockers





Heill - gæfa - gengi, Landnema lifi lengi!

Skátafélagið Landnema
Háahlíð 9
105 Reykjavík
Sími: 561-0071
Skrifstofan er opin:
Þri: 17:00 - 20:00
Mið: 17:00 - 20:00
Fim: 17:00 - 20:00

www.landnemi.is
www.landnema.com
landnemi@landnemi.is

Kennitala: 491281-0659
R.nr.: 0111-26-510091

Foringjakvöld

Foringjakvöld verða haldin annan mánudag í hverjum mánuði fram að Landnemamóti. Hvert kvöld skiptist upp í tvo hluta. Fyrri hlutinn er umræða um t.d. skátastarf, nýjungar eða aðstöðuna okkar. Seinni hlutinn er byggður upp á verkefnum eða leikjum sem foringjarnir geta notað í sínu skátastarfi. Að neðan er dagskrá fyrir tvo næstu fundi:

12. janúar klukkan 19:00 - Umræða: Hvatakerfið og flokkseinkenni (t.d. fánar eða kistur)

9. febrúar klukkan 20:00 - Umræða: Búnaður Landnema fyrir næsta sumar og aðstaðan á lóðinni.



www.landnema.com

Frá félagsforingja

Gleðilegt nýtt og spennandi skátaár!

Í sumar verða 50 ár síðan fyrsta Landnemamótið var haldið við Hvannagjá á Þingvöllum og verður þess minnst með 5 daga löngu Landnemamóti í Viðey dagana 19. til 23. júní, en Landnemamótið hafa verið í Viðey mjög mörg undanfarin ár. Undirbúningur er hafinn fyrir nokkru og er í höndum hóps foringja sem síðar mun gera tillögu um mótstjóra og mótstjórn, sem þá tekur við undirbúningnum og annast framkvæmdina.

Vetrarstarfið er í fullum gangi. Hinn 9. janúar eru liðin 59 ár frá því að Bergur Jónsson og nokkrir aðrir skátar í Skátafélagi Reykjavíkur stofnuðu skátasveitina Landnema eins og getið er fyrir í þessu blaði. Gera Landnema sér veglegan dagamun í tilefni afmælisins — að skáta sið.

Framundan er svo stóra-félagsútilegan, þ.e. sameiginleg útilega fyrir alla skáta í félaginu. Hún verður að vanda haldin að Úlfljótuvatni, en þar hafa skátar verið með öflugan starfsemi, sumar og vetur, síðan 1941. Tiltölulega nýverið var leigusamningur fyrir svæðið endurnýjaður til 75 ára við núverandi eiganda jarðarinnar, Orkuveitu Reykjavíkur. Þessi útilega er stærsti sameiginlegi og sumir segja skemmtilegasti viðburðurinn í félagsstarfinu að vetri til. Oft er þetta líka fyrsta útilegan sem nýir félagar taka þátt í og minnkar það ekki spennuna. Dagskráin stendur frá föstudagskvöldi fram yfir hádegi á sunnudag og er

skipulögð, undirbúin og framkvæmd af ungum foringjum. Það er mjög mikilvægt að þeir fái tækifæri til að spreyta sig á svona verkefni, að mörgu er að hyggja og taka þarf tillit til margra þátta.

Fyrir hálfu öðru ári tók skátafélagið upp nýju dagskrána svokölluðu. Við erum svolítið spennt að fylgjast með árangrinum og leitum svara við spurningum eins og þessum:

- Er nýja fyrirkomulagið betra en það gamla?
- Hefur það áhrif á félagafjöldann?
- eru verkefni jafn skemmtileg og góð og áður?
- Hvað annað er betra en það var?
- Hvað má bæta í dagskránni?
- Hvað höfum við lært?

Spurningarnar eru miklu fleiri og ekki einfalt að finna svar við þeim öllum. Hins vegar er ljóst að við verðum að líta til baka og finna svör við þeim. Á þann hátt getum við bætt skátastarfið enn frekar. Góða skátun!

Anrlaugur Guðmundsson

Félagsblað Landnema
Útgefandi:
Skátafélagið Landnema
Ritstjóri:
Elmar Orri Gunnarsson
Ábyrgðamaður:
Anrlaugur Guðmundsson